



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 2. maí 2016

1603046SA GB

Málalykill: 15.61

Efni: Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða - greining á uppbyggingarþörf

Samband íslenskra sveitarfélaga og Stjórnstöð ferðamála hafa komist að samkomulagi um að sambandið vinni að því, í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og verkefnisstjórn sem skipuð verður á grundvelli laga um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, að tryggja yfirsýn um ástand og uppbyggingarþörf á ferðamannastöðum um land allt.

Samkvæmt hinum nýsettu lögum verða unnar þrjár áætlanir um uppbyggingu ferðamannastaða:

1. Lögð verði fram skammtímaáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum sem gildi til 1. janúar 2018. Sú áætlun skal kynnt eigi síðar en 18. september 2016.
2. Stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára, sem skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 2017.
3. Þriggja ára framkvæmdáætlun sem gildir frá 1. janúar 2018.

Sveitarfélögin hafa verulega hagsmuni af því að sú vinna sem hér um ræðir byggist á góðri yfirsýn um ástand og uppbyggingarþörf ferðamannastaða um allt land. Sveitarfélögin gegna jafnframt lykilhlutverki í að ná þeirri yfirsýn, þótt ljóst sé að þau eru komin misjafnlega langt í kortlagningu og stefnumótun um málefni ferðamannastaða. Gera má ráð fyrir því að allmörg sveitarfélög þurfi á einhverri astoð að halda svo tryggt verði að vandaðar áætlanir liggi fyrir um ástand og uppbyggingarþörf á mikilvægustu ferðamannastöðum innan þeirra marka, ekki síst í ljósi þess að skammur tími er veittur til að vinna verkefnið.

Sambandið hefur ráðið sérfræðing, Örn Þór Halldórsson arkitekt, sem áður starfaði sem umhverfisstjóri Ferðamálastofu, til að sinna verkefninu af þess hálfu. Örn mun halda utan um verkefnið, kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga og frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og vinna úr þeim. Markmið er að horft verði heildstætt á landshluta eða landsvæði við mat á því hvar þörf er á frekari uppbyggingu. Þess er vænst að þau gögn sem safnað verður muni nýtast við gerð allra ofangreindra áætlaða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Til að samstarfið milli sambandsins og sveitarfélaga gangi sem best er þess óskað að hvert sveitarfélag tilnefni tengilið sem taki að sér að safna saman upplýsingum fyrir þessa áætlanagerð. Til að tryggja sem bestan árangur af verkefninu er æskilegt að einstök sveitarfélög verði í sem bestri samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga og eftir atvikum atvinnuþróunarfélög og markaðsstofur viðkomandi landshluta, m.a. til þess að samræma áherslur og forgangsörðun framkvæmda í hverjum landshluta.

Þess er vinsamlega óskað að tilkynningar um tengiliði berist fyrir 15. maí 2016 á netfangið orn@samband.is.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Sjá Fylgiskjal: Nánari óskir um upplýsingar frá tengiliðum sveitarfélaga

Afrit sent til:

Landshluta samtaka sveitarfélaga
Stjórnstöðvar ferðamála
Ferðamálastofu
Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins
Innanríkisráðuneytisins
Forsætisráðuneytisins

Fylgiskjal - fNánari óskir um upplýsingar frá tengiliðum sveitarfélaga

Örn Þór Halldórsson mun koma formlega til starfa hjá sambandinu þann 18. maí nk. Gagnlegt væri ef þá lægju fyrir upplýsingar um tengiliði sveitarfélaga. Á þessu stigi er verkefnið enn í mótun og er gert ráð fyrir því að Örn verði í góðu sambandi við tengiliði sveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins. Við undirbúning verkefnisins hefur verið unnið að því að greina hvaða upplýsingar liggja þegar fyrir um ferðamannastaði, svo sem hjá Ferðamálastofu.

Hér eru sett fram almenn viðmið um atriði sem tengiliðir sveitarfélaga ættu að hafa í huga í sinni vinnu en stefnt er að því að nánari leiðbeiningar, mjög líklega í formi staðlaðs eyðublaðs, verði sendar út í lok maí.

- Hlutverk tengiliða sveitarfélaga yrði til að byrja með að taka saman yfirlit um áform um uppbyggingu á ferðamannastöðum og forgangsöröðun þeirra verkefna sem sveitarfélagið telur nauðsynlegt og mögulegt að ráðist verði í innan tíma- og lagaramma fyrirhugaðra áætlana.
- Ekki er gerður skýr greinarmunur á því hvort ferðamannastaður er í eigu og umsjá sveitarfélags eða annarra aðila, en rétt er að hafa í huga að umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun annast sambærilega upplýsingasöfnun um ferðamannastaði sem eru í eigu eða umsjón ríkisstofnana, s.s. Umhverfisstofnunar, Þjóðgarða, Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, Minjastofnunar og Þjóðminjasafnsins.
- Gera má ráð fyrir því að við gerð fyrstu landsáætlunar á grundvelli nýsettra laga verði mest áhersla lögð á brýn verkefni m.t.t. náttúruverndar, minjaverndar og öryggis ferðamanna. Einnig má vænta þess að horft verði til þess hvar skortir grunnþjónustu, s.s. salerni, eða verkefni sem jafna álag á ferðamannastaði/-svæði/-leiðir með betri stýringu umferðar ferðamanna.
- Nauðsynlegt er að fá yfirsýn yfir skipulagslega stöðu hugsanlegra verkefna og hvort framkvæmdaleyfi liggja fyrir eða leyfi landeigenda.
- Einnig er nauðsynlegt að fá upplýsingar um hvort um er að ræða staði þar sem uppbygging er þegar hafin eða skipulag og hönnun liggja þegar fyrir.
- Koma þarf fram hvort um staðinn gildi friðlýsingarákvæði eða aðrar kvaðir, eða hvort áform séu um slíkar aðgerðir.
- Flokka þarf verkefni eftir eðli þeirra og hvort um er að ræða ferðamannastaði, - leiðir eða – svæði í samræmi við ákvæði laganna.
- Verkefni verði einnig flokkuð eftir eðli verkefna, s.s. hvort styrki vanti til beinna framkvæmda (og þá hvernig framkvæmda) eða skipulags-og hönnunarvinnu.

Markmið verkefnisins er að afrakstur vinnunnar nýtist ekki eingöngu við þá áætlanagerð sem leiðir af nýsettum lögum, og úthlutun fjármuna til uppbyggingar ferðamannastaða, heldur geti hún einnig nýst við gerð stefnumótandi áætlana innan sveitarfélaga eða landssvæða, s.s. á skipulagsstigi. Sveitarfélögin muni þannig hafa margvíslegan hag af því að taka virkan þátt í verkefninu, þegar til lengri tíma er litið.